

SAMSTARFSNEFND SKÍÐASVÆÐA HÖFUÐBORGARSVÆÐISINS

Ár 2019, þriðjudaginn 14. maí var haldinn 375. fundur Samstarfsnefndar skíðasvæða höfuðborgarsvæðisins. Fundurinn var haldinn í Borgartúni 14 og hófst kl. 09:10.

Mættir: Gunnlaugur Bragi Björnsson Reykjavík, Halla Karí Hjaltsted Kópavogi, Rúnar Bragi Guðlaugsson Mosfellsbæ, Magnús Örn Guðmundsson Seltjarnarnesi, Valdimar Víðisson varamaður fyrir Kristínu Maríu Thoroddsen Hafnarfirði.

Jafnframt: Magnús Árnason framkvæmdastjóri skíðasvæðanna og Helga Björnsdóttir skrifstofustjóri sem ritaði fundargerð.

Þetta gerðist:

1. Lagður fram úrsskurður Skipulagsstofnunar dags. 26. apríl 2019 vegna fyrirhugaðra framkvæmda í Bláfjöllum, þar sem fram kemur að ekki þurfi að fara í umhverfismat. Kærufrestur rennur út 31. maí 2019.
2. Lögð fram fundargerð SSH frá 6. maí 2019.
Samþykkt að framsetning ársuppgjörs skíðasvæðanna verði í samræmi við hefðbundin reikningsskil.
- kl. 09:22 kom Björg Fenger á fundinn.
3. Lagt fram minnisblað framkvæmdastjóra dags. 13. maí 2019. Opnunardagar í apríl voru í Bláfjöllum 7 og Skálafelli 2. Mikill snjór var á skíðasvæðunum í aprílbyrjun og stefndi í góða skíðapáska. Það gekk ekki eftir vegna mikillar rignar. Fjöldi opnunardaga í Bláfjöllum í vetur voru 40 dagar og Skálafelli 9.

Fundi slitið kl. 09:45.

Gunnlaugur Bragi Björnsson

Björg Fenger
Halla Karí Hjaltsted
Valdimar Víðisson

Magnús Örn Guðmundsson
Rúnar Bragi Guðlaugsson

